

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



Dags eftirlits	10.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	
Heimili	Móeiðarhvoll 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jaunius Valiukénas	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Birkir Tómasson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit og varðar að dauður fiskur úr eldisstöðinni fannst við frárennsli vatnsins. Var bæði dauður fiskur í setgildru og í settjörn.

Tvær ábendingar eru lagðar fram og varða þær að skriflegur samningur þarf að liggja fyrir hjá þeim aðila sem tekur á móti dauðfiski og þarf sá samningur að vera aðgengilegur við eftirlit. Seinni ábendingin snýr að því að setja má niðurstöður úr sýnatökum saman með skilum á ársyfirliti í tengslum við vöktunarmælingar.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í landeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár í Eyjarland í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Eyjarland er seiðaeldistöð þar sem nú fer fram eldi á laxaseiðum. Rekstraraðili hefur heimild til 20 tonna ársframleiðslu og er að auki takmörkun við 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Gildistími starfsleyfisins er til 23. júní 2037. Fyrirhugar rekstraraðili að sækja um leyfi fyrir 25 tonna hámarkslífmassa, en áætlað er að rekstur verði að óbreyttu á næsta rekstrarári, en stefnt að því að fullnýta framleiðslugetu eldisstöðvarinnar á næstu árum.

Á fundi sátu Jaunius Valiukénas stöðvastjóri eldisstöðvar og Halla Margrét Viðarsdóttir frá Umhverfisstofnun. Var umfang eftirlits eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á nýrri gjaldskrá og breyttu fyrirkomulagi eftirlita Umhverfisstofnunar
- Kynning á Menguðum jarðvegi, áhersluverkefni Umhverfisstofnunar
- Vettvangsskoðun á starfsvæði rekstraraðila

Þegar eftirlit fór fram, hafði stöðvastjóri nýlega tekið til starfa og voru miklar tiltektir og framkvæmdir í gangi. Var verið að endurskipuleggja ákveðin rými, m.a. starfsmannarými ásamt efnageymslu. Stóð til að koma fyrir nýjum viðurkenndum geymsluskápum fyrir hreinsiefni sem notuð eru í rekstri stöðvarinnar, koma undir þeim lekabökkum og uppfæra öryggisblöð. Rekstraraðili sendi mynd í tölvupósti til staðfestingar á uppsetningu nýju öryggisskápanna, þann 17. október.

Rekstur eldistöðvarinnar gekk að öllu jöfnu vel á síðasta ári. Fimm fastir starfsmenn eru í stöðinni. Framleidd voru 17,4 tonn af seiðum. Til að byrja með voru afföll lítil, aðeins um 70 kg yfir 10 mánaða tímabil. Dauðfiskur er settur í lokaðann geymslutank á lóð stöðvar sem að enda er nýttur til áburðar af bónda á svæðinu.

Við seinni hluta eldistímabilsins kom upp veirusýking í 5 körum, og var leitað til MAST um ráðgjöf um viðbrögð við því atviki. Voru afföll vegna þessa 2,8 tonn og var það sem af fór nýtt í fóðurgerð hjá Fóðurstöð Suðurlands skv. samkomulagi þar um. Eftir stóð magn laxaseiða sem 14,7 tonn af nýtanlegri framleiðslu. Fóðurnoktun var 22 tonn á árinu, klukkufóðrun er á öllum kerjum og reiknast fóðurnýting 1,26.

Unnið er að endurmati að neyðaráætlun ef kæmi til tímabundnar rekstrarstöðvunar, sem og varanlegrar rekstrarstöðvunar. Rekstraraðili heldur utanum skráningar á losun efna út í umhverfið og vaktar losun á útstreymi köfnunarefnis og fosfórs út í umhverfið árlega. Til staðar er áætlun um viðbrögð vegna slysasleppinga. Var rekstraraðili minntur á tilkynningaskyldu ef kæmi til umhverfisstjóns, þar með talið ef sleppingar ættu sér stað.

Afrennsli úr stöð rennur í gegnum setgildru og í gegnum tvær settjarnir sem staðsettar eru vestan megin við stöðina sjálfa. Öll ker hafa ristar við útrennsli sem eiga að varna því að fiskur sleppi. Útiker hafa að auki vara-ristarkerfi ef þau yfiryllast. Er möskvi ristar valinn eftir stærð fisks í kerjum. Í eftirliti var dauður eldisfiskur í setgildru sem og í fyrstu settjörninni sem tekur við næst húsum. Ekki er hægt að útiloka að eldisfiskur hafi borist í næstu settjörn.

Fékk rekstraraðili kynningu á breyttu fyrirkomulagi í boðun eftirlita hjá Umhverfisstofnun, ásamt því var honum kynnt fyrir breytingar á gjaldskrá stofnunarinnar. Að lokum fékk hann kynningu á áhersluverkefninu um mengaðann jarðveg.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

grein 3.9 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðann fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Er sá búnaður til staðar. Við eftirlit kom í ljós að fiskur hefur sloppið í gegnum fyrstu setgildruna og út í settjörn. Þarf því að gera athugun á frárennsliskerfinu til að fyrirbyggja að slík atvik endurtaki sig.



## ÁBENDINGAR

Ein ábending varðar að skriflegur samningur þarf að liggja fyrir hjá þeim aðila sem tekur á móti dauðum fiski, og sá sem tekur dauðfiskinn til meðhöndlunar þarf að hafa öll tilskilin leyfi til að taka á móti honum. Samningur þarf að vera aðgengilegur rekstraraðila við eftirlit. Endurskoða þarf áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni.

Önnur ábending er sett fram vegna skila í árskýrslu. Í starfsleyfi er gerð krafa á að taka þarf sýni og mæla efnainnihald við inntak í stöð og útrás frárennslis, tvisvar á ári. Er það gert við hámarksfóðrun og lágmarksfóðrun. Við skil ársyfirlits má láta fylgja með afrit af niðurstöðum hjá þeim sem sér um mælingarnar.

## ANNAÐ

Tímabært er að uppfæra umhverfismarkmið, með stefnu fyrirtækisins að leiðarljósi í umhverfismálum fyrir næstu fjögur ár. Má sérstaklega taka tillit til úrgangsmála og farveg dauðfisks.

Í endurskoðun eru neyðaráætlanir vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar, þar sem þær eru komnar til aldurs og nýr stöðvastjóri tekinn við. Má koma þeim til skila við eftirlitsaðila við fyrsta tækifæri.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

